



# Stefna

Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar



Samþykkt af stjórn þann 10. mars 2021

## Hlutverk

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkur er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Í því skyni tekur sjóðurinn við iðgjöldum og ávaxtar fjármuni sjóðsins með hliðsjón af fjárfestingastefnu og að teknu tilliti til áhættu.

## Framtíðarsýn

Sjóðurinn hefur forystu í faglegum vinnubrögum og góðri miðlun upplýsinga til sjóðfélaga og annarra hagaðila. Samfélagsleg ábyrgð er höfð að leiðarljósi í rekstri sjóðsins sem og í fjárfestingum hans.

## Hagaðilar

### Sjóðfélagar

- Hlýleg og skilvirk þjónusta
- Skýrar upplýsingar um réttindi

### Reykjavíkurborg, aðrir launagreiðendur og samtök launafólks

- Veita viðeigandi upplýsingar til aðila
- Góð og fagleg samskipti

### Eftirlitsaðilar

- Áhersla á tímanleg og áreiðanleg gögn
- Góð og fagleg samskipti

### Þjónustu- og samstarfsaðilar

- Fagmennska og heiðarleiki
- Standast hæfniskröfur og viðmið sjóðsins

### Aðrir lífeyrissjóðir og Landssamtök lífeyrissjóða

- Faglegt og gott samstarf

## Markmið í rekstri og stjórnun stjórnun

- Að gæta hagkvæmi í rekstri sjóðsins
- Efla stafræna þróun
- Að skilvirkt innra eftirlit sé fyrir hendi
- Að hafa öflug og viðeigandi upplýsingakerfi
- Samfélagsleg ábyrgð er höfð að leiðarljósi í fjárfestingum
- Að veita hlýlega og faglega þjónustu til sjóðfélaga og annarra hagaðila